

## Staðsetning holu SJ-21 í Svartsengi

**Hjalti Franzson,  
Ragna Karlsdóttir,  
Grímur Björnsson,  
Sverrir Þórhallsson**

**Greinargerð HF-RK-GrB-Sp-2000-02**

## Staðsetning holu SJ-21 í Svartsengi

Beiðni hefur komið frá Hitaveitu Suðurnesja um staðsetningu djúprar vinnsluholu, sem gjarnan mætti ná allt að 2500 m dýpi. Á fundi um þau mál í Svartsengi, kom fram eftirfarandi sjónarmið, sem leiddi til staðsetningar holunnar sem sýnd er á meðfylgjandi mynd:

Viðamiklar viðnámsmælingar (TEM) sem gerðar hafa verið á vestanverðu Reykjanesi hafa sýnt fram á NA-SV háviðnáms hrygg (undir lágviðnámskápu), sem liggur rétt við norðvestur jaðar borsvæðisins, en það er talið merkja háhitakerfi á grunnu dýpi. Í síðustu viku var bætt við fjórum mælingum og reyndust niðurstöður þeirra staðfesta áður nefndan háviðnáms hrygg í öllum meginatriðum. Verður niðurstöðum þeirra mælinga gerð frekari skil í greinargerð þar að lútandi.

Ummyndun í borholum í vesturjaðri borsvæðisins (SV-9 og SV-11) bendir til jaðaráhrifa, þ.e. að það dýpkar á jarðhitakerfið til vesturs og norðvesturs. Það gefur til kynna að uppstreymisrásir jarðhitakerfisins, sem borholurnar taka vatn úr liggja austar á svæðinu.

Háviðnáms hryggurinn, sem liggur norðvestan við holur 9 og 11, gæti þá bent til að þar lægi annað uppstreymissvæði jarðhitakerfisins. Holan er því staðsett á honum miðjum og er staðsetningin sýnd á meðfylgjandi mynd. Hnit þessa punkts er X-718186.60397, Y-382679.04442 og er í Lambert-einingum.

